ERMAR

Setjið erma-L á sokkaprjóna nr. 3,5. Prj (6) 8 (8) 9 (9) L upp meðfram nýju lykkjunum á milli framstykkja og baks = alls (50) 54 (56) 59 (63) L. Prj sléttprjón í hring, umf byrjar undir miðri ermi.

Takið 1 L úr, sitt hvorum megin við fyrstu L, þegar ermin mælist (3) 3 (2) 2 (2) cm á undirermi og eftir það með (3) 3 (4) 4 (4) cm millibili, alls (5) 6 (6) 7 (8) sinnum = (40) 42 (44) 45 (47) L. Prj þar til ermin mælist (17) 21 (24) 27 (31) cm. Jafnið lykkjufjölda í (32) 34 (36) 38 (40) L í síðustu umf. Skiptið yfir á sokkaprjóna nr. 3.

Prj 3 cm stroff (1 S, 1 B). Fellið af S og B.

LISTAR AÐ FRAMAN

Prj upp L með prjóni nr. 3, meðfram vinstra framstk. Prj u.þ.b. 3 L upp á hverjar 4 umf á jaðrinum. Lykkjufjöldi á að vera oddatala.

1. umf (ranga): 1 B, prj (1 S, 1 B) út umf.

2. umf: 1 S, prj (1 B, 1 S) út umf.

Prj umf 1–2 alls 4 sinnum og fellið af S og B.

Prj hinn kantinn á sama hátt, nema með (5) 5 (6) 6 (6) hnappagötum. Það neðsta er staðsett á miðju stroffi, það efsta á miðri hálslíningu og hin með jöfnu millibili þar á milli.

HNAPPAGAT: Sláið upp á, 2 S saman. Saumið tölur á.



